

## **26. Frumvarp**

**til laga um embættiskostnað sóknarpresta og aukaverk þeirra.**

(Lagt fyrir Alþingi 1931).

### **1. gr.**

Sóknarprestar fá greiddan ferða- og skrifstofukostnað embættis síns, með 500 eða 700 krónum hver, og fer upphæðin eftir stærð prestakalla, erfiðleikum og kostnaði við þjónustu þeirra.

Ráðherra ákveður, að fengnum tillögum biskups, fyrirfram til 5 ára í senn, embættiskostnað hvers prestakalls. Upphæðin greiðist síðan prestinum mánaðarlega á sama hátt og embættislaun.

## 2. gr.

Ráðuneytið leggur sóknarprestinum til löggiltar embættisbækur, svo og eyðublöð undir lögboðnar skýrslur og embættisvottorð.

## 3. gr.

Fyrir aukaverk ber prestum þóknun eftir gjaldskrá, er ráðuneytið setur til 10 ára í senn.

## 4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1931. Frá þeim degi eru úr gildi numin kgsbr. 11. des. 1812 og tilskipun 27. jan. 1847, að því leyti er hún fer í bága við lög þessi.

## Greinargerð.

### I.

Það mun almennt viðurkennt, að laun presta séu mjög lág, miðað við laun annara starfsmanna ríkisins, sem svipaðan námskostnað hafa, svo sem sýslumanna og lækna. Mun það ekki orka tvímælis, að prestar hafi orðið harðast úti þessara stétta, er sett voru launalögin 1919. Fyrir þann tíma bjuggu prestar við nálega sömu launakjör sem lækna, en þetta er nú mjög á annan veg, þar sem lækna í meðalhéruðum hafa nú réttum þriðjungi hærri byrjunarlaun en prestar, auk þess sem læknaembættum fylgja margfalt hærri aukatekjur, svo að þær verða jafnvel sumstaðar aðaltekjur embættisins. Miðað við peningagildi og verðlag munu laun presta vera töluvert lægri en þau voru fyrir heimsstyrjöldina. Auk þess hefir aðstaða presta til búskapar breytt mjög. Búrekstur, sem byggist á aðkeyptu vinnuafli, með bústofni keyptum fyrir lánsfé, mun ekki geta gefið hagnað til að bæta upp hin lágu laun. Mun og hagar presta, einkum hinna yngri, þeirra, er byrjað hafa prestskap á styrjaldarárunum og síðan, en í þeim hóp er nálega helmingur þeirra presta, sem nú eru í embætti — vera lakari en nokkurrar annarar embættisstéttar hér á landi. Hlýtur slíkt ástand, ef það helzt til lengdar að reynast allt annað en holt fyrir starf prestanna og andlegt líf þjóðarinnar.

Þegar um launakjör starfsmanna ríkisins er að ræða, er þess að gæta, að ýmsum embættum fylgir nokkur *stofnkostnaður*. Að því er tekur til presta mun stofnkostnaður, vegna embættis, eigi verða talinn lægri, en hér segir:

1. Embættisbúningur (2 hampur og kragar) .....	Kr. 550,00
2. Reiðhestar, tveir, hvor á 300 kr. ....	— 600,00
3. Reiðtýgi með tösku .....	— 180,00
4. Skrifstofumunir .....	— 250,00
	<hr/>
	Kr. 1580,00

Ríkið gerir starfsmönnum sínum að skyldu að greiða 7% af föstum

launum í lífeyrissjóð. Það er viðurkennt, að starfsmenn eigi rétt á að fá endurgreiddan námskostnað sinn í starfslaunum. Mikil bókakaup eru óhjákvæmilegur kostnaðarliður innan ýmsra starfsgreina. Og loks má telja gjöld til stéttarfélags og ferðakostnað á stéttarfundum. Þessi *almenni embættiskostnaður* mun eigi verða lægri árlega hjá hverjum prestum, en hér segir:

1. Lífeyrisgjald, miðað við byrjunarlaun .....	Kr. 140,00
2. Afborganir og vextir af námsskuldum í 20 ár, að meðaltali á ári .....	— 400,00
3. Bókakaup .....	— 200,00
4. Til stéttarfélags (útgáfu Prestafélagsrits) .....	— 30,00
5. Ferðir á kirkjufundi, að meðaltali á ári .....	— 60,00

---

Samtals Kr. 830,00

Er hér sem allstaðar varlega áætlað; hvergi nærri gert ráð fyrir fullri endurgreiðslu námskostnaðar; yngstu prestarnir munu jafnvel flestir hafa stórum þyngri byrgði af námsskuldum sínum, en hér er talið. Það munu og margir mæla, að ætla þyrfti riflegri upphæð til bókakaupa en hér er gert, jafnvel þó að frumvarp kirkjumálanefndar um bókasöfn prestakalla verði óbreytt að lögum.

En auk þessa hafa prestar að því leyti sérstöðu meðal starfsmanna ríkisins, að á þeim hvílir umfram aðra embættismenn, sérstakur embættiskostnaður, er þeir fá eigi endurgreiddan, svo sem skrifstofukostnaður, ferðakostnaður o. fl. — í kaupstöðum skiftir skrifstofukostnaðurinn mestu máli, en í sveitum ferðakostnaðurinn. Þessi sérstaki embættiskostnaður presta — umfram almennan embættiskostnað — mun, í meðalhægu sveitaprestakalli eigi verða talinn lægri árlega en hér segir:

1. Fyrning á 2 hempum, 6% af kr. 500,00 .....	Kr. 30,00
2. Fyrning kraga og stífung .....	— 15,00
3. Fyrning og viðgerðir á reiðtýjum .....	— 25,00
4. Reiðföt og hlífðarföt .....	— 80,00
5. Fyrning tveggja reiðhesta (endast 10 ár hvor) ..	— 40,00
6. Hestaeldi .....	— 200,00
7. Hestajárn .....	— 10,00
8. Skrifstofukostnaður, svo sem ritföng, ljós og hitun	— 185,00

---

Samtals Kr. 585,00

Ef bætt er hér við hinum almenna embættiskostnaði .....

---

— 830,00

Þá verður allur embættiskostnaður hvers prests eigi lægra en .....

---

Kr. 1415,00

Allir liðir hins sérstaka embættiskostnaðar eru hér sem varlegast áætlaðir. Fullvist er að í kaupstöðum og í ýmsum erfiðari sveitaprestaköllum, er þessi kostnaður mjög miklu hærri. Ýmsa fleiri kostnaðarliði mætti og nefna, svo sem risnu, og í sumum prestaköllum, bátsferðir á sjó, kaup fylgdarmanns á vetrum og þóknun á annexium. Einnig væri sanngjarnt, að bæta hér við vöxtum og afborgun af stofnkostnaði embættis.

Byrjunarlaun presta, með dýrtíðaruppbót, eins og hún var greidd 1929 (40%), eru 2800 kr. Aukatekjur presta eru mismunandi, eftir mannfjölda prestakalla. Það mun fara mjög nærri, að aukatekjur séu árlega um 40—50 au. á mann í prestakallinu, ef miðað er við meðalháa verðlagskrá, eða 200—250 kr. í prestakalli, er telur 500 manns, svo að tekjurnar verða þar alls eigi hærri en 3050 kr., og hefir presturinn þá 1635 kr. eftir, er hann hefir greitt embættiskostnaðinn.

Þess er ennfremur gætandi, að af þessum raunverulegu launum verður fjöldi presta að greiða lán og kvaðir á íbúðarhúsi og er sú upphæð sumstaðar allhá.

Á þeim prestsetrum, þar sem eru nýbyggð hús, mun afgjald jarðar og íbúðarhúss hvergi vera lægra en 1000—1100 kr., auk árlegs viðhalds á íbúðarhúsi, miðað við meðalstóra jörð. Er það ómótmælanleg staðreynd, þó ótrúleg kunnir að þykja, að í slíku prestakalli getur presturinn eigi haft meira en 500—600 kr., umfram jarðarnytjarnar til framfæris sér og fjölskyldu sinni, til risnu, fylgdarmanna, bátsferða í sumum prestaköllum og annars kostnaðar, sem óhjákvæmilega fylgir starfinu. En auk þess, sem áður er sagt um búskap, sem byggður er á aðkeyptu vinnuafli og lánsfé, má taka það fram, að jarðnytjarnar gefa oft eigi verulegan arð, fyrst í stað a. m. k., og síst ungum prestum, er lítt kunna til búskapar, enda hafa þeir dvalið við nám og í kaupstöðum mikinn hluta uppvaxtarára sinna.

Það mun eigi vera furðuefni þeim, er líta með sanngirni á málavexti, þó að hagur presta sé óhægri en annara stétta. En það kann að vera ókleift einni stétt, þó hver sanngjarn maður sjái að hún sé misrétti beitt, að fá gagngerða bót launakjara sinna, meðan eigi fer fram almenn endurskoðun launalaganna. Efni 1. gr. frumvarps þessa raskar eigi þeim grundvelli, er launalögin hvíla á, heldur miðar það í áttina til samræmis og jafnréttis við aðrar stéttir. Þar er farið fram á, að sú stétt, sem lægra er launuð en aðrir, fái greiddan, með hóflegri upphæð, þann embættiskostnað, sem á henni hvílir, *umfram aðrar embættisstéttir*, enda gefur að skilja, að lög-gjafarvaldið hefir, eftir sem áður, óbundnar hendur um ákvörðun á launum presta, þá er launalögin verða endurskoðuð. Og þar sem uppbót þessi er eigi miðuð við nema nokkurn hluta embættiskostnaðar, telur meiri hluti nefndarinnar (Jón Guðnason, Sveinbjörn Högnason og Þorsteinn Briem) rétt, að dýrtíðaruppbót greiðist af upphæðinni.

Rétt þykir að geta þess, að búist er við, að hærri upphæðin, 700 kr., verði veitt aðeins tiltölulega fáum prestköllum, þeim, sem öðrum fremur eru erfið yfirferðar, eða útheimta kostnaðarsama þjónustu. Að öðru leyti þykir ekki heppilegt, að skipta prestaköllum í fleiri kostnaðarflokka

en hér er gert. Þótt fáein hægustu prestaköllin fái samkvæmt þessu frumvarpi, að tiltölu riflegast greiddan embættiskostnað, þá er þar um litla upphæð að ræða, og auk þess eru aukatekjur allra lægstar í slíkum prestaköllum og þörfin fyrir launabót að því skapi meiri. Gera verður ráð fyrir, að þá er prestur þjónar í bili tveim prestaköllum og tekur fyrir hálf önnur prestslaun, þá fái hann og embættiskostnaðinn greiddan í sömu hlutföllum.

Heppilegast þykir að flokkun prestakalla að því er snertir embættiskostnaðinn, sé ákveðinn til aðeins 5 ára í senn, vegna breytinga, er kunna að verða á því tímabili, á samgöngum o. fl., er áhrif hefir á embættiskostnaðinn.

## II.

Embættisbækur presta, einkum prestsþjónustubækur og manntalsbækur, eru mikilsverð heimildarrit, enda geyma þær ýmsar upplýsingar um flest alla einstaklinga þjóðarinnar, sem hvergi er annarstaðar að fá, sízt jafn áreiðanlegar. Er því jafnan talið mikið tjón, ef þær bækur skemmast, eða ef eitthvað brestur á, að þær séu svo glögg heimildarit, sem vera mætti. En þó að til séu forn fyrirmæli um það, hvornig þessar bækur skuli færðar, þá er hvorttveggja, að þau eru nú úrelt orðin, enda eigi full trygging fyrir, að þeim sé framfylgt til hlítar. Prestar annast nú sjálfir kaup á embættisbókum sínum, en kirkjur prestakallsins eiga að greiða andvirði þeirra. En í framkvæmdinni mun þetta oft vera svo, að prestarnir greiði andvirði bókanna úr eigin vasa. Af þessu fyrirkomulagi leiðir það, að oft eru keyptar í þessu skyni óvandaðar og óhentugar bækur, sem þola illa notkun og geymslu og eru orðnar lítt hæfar til afnota, er þær loks komast á Þjóðskjalasafnið. Úr þessu verður naumast bætt með öðru móti en því, að ríkisstjórnin leggi til bækurnar og láti lög-gilda þær, eins og segir í 2. gr. frumvarps þessa, enda ætti þá að komast samræmi á um bókfærslu presta, og embættisbækur þeirra að verða glögg og aðgengileg heimildarrit.

## III.

Prestar taka nú borgun fyrir aukaverk eftir verðlagsskrá (meðalalin). En verðlagsskrá hefir nú næsta litla þýðingu í viðskiptalífi þjóðarinnar, í samburði við það, sem áður var. Meðalalinin er mjög mishá í sýslum landsins, eftir því hvaða vörutegundir komast inn í verðlagsskrána, á hverjum stað. — Eftir núgildandi verðlagsskrá er t. d. meðalalin kr. 0,97 í Mýrasýslu, kr. 1,20 í Borgarfjarðarsýslu, kr. 1,45 í Skagafjarðarsýslu og kr. 1,78 í Reykjavík. Er ekki unnt að finna neina ástæðu, er mæli með því, að meira en fjórðungsmunur sé á greiðslu fyrir aukaverk presta, eftir því, hvoru megin Hvítár þau eru unnin, né að þau skuli greidd með nálega helmingi lægri upphæð í Borgarnesi en í Reykjavík. Er hér um misrétti að ræða, hvort sem lítið er á hag presta eða sóknarbarna. Ennfrémur verður meðalalinin, með þeir aurareikningi, er henni fylgir og breytingum

frá ári til árs, að teljast fremur óviðfeldinn og óþægilegur mælikvarði fyrir gjaldskrá.

Með ákvæðum 3. gr. er ætlast til, að samræmi komist á um borgun fyrir aukaverk presta, hvar sem er á landinu. Endurskoðun gjaldskrár, á 10 ára fresti, ætti að tryggja samræmi hennar við verðlag á hverjum tíma.